

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðsvæðis Valla, Tjarnarvellir 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 15. október 2007 breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis Valla, Tjarnarvellir 1 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að byggingarreitur er stækkaður úr 4.450 m² í 4.850 m². Byggð verður 5-6 hæða skrifstofu- og þjónustubygging, samtals 3.420 m² og bílakjallari með 65 stæðum.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Klukkuvellir 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 5. desember 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Klukkuvellir 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur breiðkar um 1,3 m til vesturs og suðausturhorn reits færist um 2 m til austurs. Íbúðum fjölgar úr 8 í 11 og bílastæðum fjölgar úr 16 í 22.

Farið var með deiliskipulagsbreytingarnar skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 3. janúar 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2008